



NÚTÍMAKONUR

MODERN WOMEN

Björg Þorsteinsdóttir · Ragnheiður Jónsdóttir · Þorbjörg Höskuldsdóttir

NÚTÍMAKONUR

MODERN WOMEN

LISTASAFN ÁRNESINGA
HVERAGERÐI

Ávarp
Address

Inga Jónsdóttir

Segja má að Bjarnveig Bjarnadóttir og synir hennar Loftur og Bjarni Markús Jóhannessynir hafi lagt grunninn að Listasafni Árnesinga með stórra lista- verkagjöf til Árnesinga í október 1963. Þá gáfu þau 41 málverk en héldu áfram að færa þeim lista- verkagjafir allt til ársins 1986, alls 75 verk. Þetta eru verk eftir helstu listamenn þessa tíma en í upp- haflegu gjöfinni voru engin verk eftir konur. Á áttunda áratugnum vildi Bjarnveig rétta þeirra hlut og bætti m.a. við verkum eftir þær Björgu Þorsteinsdóttir, Gerði Helgadóttir, Ragnheiði Jónsdóttir, Ragnheiði Jónsdóttir Ream, Sigríði Björnsdóttir og Þorbjörgu Höskuldsdóttir. Þegar rýnt var í þessa safneign í tilefni 50 ára afmælisins á síðasta ári kviknaði sú hugmynd að efna til sérstakrar sýningar á verkum þriggja þeirra þegar ljóst var að þær eru enn að og reka eigin vinnu- stofur. Leitað var til Hrafnhildar Schram til þess að stýra sýningunni og áherslan lögð á að sýna verk frá áttunda áratugnum þar á meðal þau verk sem eru í eigu Listasafns Árnesinga, en einkum verk sem þær hafa unnið að á síðustu árum. Þetta er því engin yfirlitssýning heldur frekar þá og nú sýning.

Listamönnunum og sýningarstjóranum eru færðar alúðar þakkir fyrir ánægjuleg viðbrögð og gott samstarf. Listasafn Árnesinga þakkar líka þeim einstaklingum og stofnunum sem lánað hafa verk á sýninguna og býður gestum að njóta.

Bjarnveig Bjarnadóttir and her sons Loftur and Bjarni Markús Jóhannesson may justly be said to have laid the foundations of the LÁ Art Museum with a generous gift of art to the county of Árnessýsla in October 1963. On that occasion they presented forty-one works, and then continued to make donations to the collection until 1986 – totalling seventy-five works in all. They were works by the leading artists of that time – but the original gift included no art by women. In the 1970s Bjarnveig was keen to rectify the imbalance, and added works by Björg Þorsteinsdóttir, Gerður Helgadóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Sigríður Björnsdóttir and Þorbjörg Höskuldsdóttir. When we examined the collection on its fiftieth anniversary last year, the idea arose of holding an exhibition of the work of three of those women artists, in view of the fact that they are still working, and run their own studios. Hrafnhildur Schram was asked to curate the exhibition, including works from the 1970s – among them works in the LÁ Art Museum’s collection – but with special emphasis on their recent work. Hence this is no retro- spective, more a “Then and Now” exhibition.

I wish to express sincere thanks to the artists and to the curator, for their favourable response and for enjoyable collaboration. The LÁ Art Museum would also like to thank all the individuals and bodies who have loaned works for the exhibition. And we invite our visitors to enjoy the show.

Nútímakonur
Modern Women

Hrafnhildur Schram

Í Listasafni Árnesinga er að finna þrjú verk eftir listamennina Björgu Þorsteinsdóttur, Ragnheiði Jónsdóttur og Þorbjörgu Höskuldsdóttur. Verkin voru unnin á áttunda áratug síðustu aldar, þeim merka áratug sem oft er skírskotað til sem „kvennaáratugarins“, en nýju kvennahreyfingunni, sem nefnd hefur verið önnur bylgja femínisma, laust niður sem eldingu austan hafs og vestan og fór af stað á fullri ferð. Hér á sýningunni *Nútímakonur* gefst gestum tækifæri til að skyggjast inn í myndheim þessara þriggja kvenna, fyrr og nú. Leiðir þeirra lágu fyrst saman þegar þær sem ungar listaspírur, sóttu námskeið í Myndlistaskólanum í Reykjavík, sem þá var til húsa í núverandi Listasafni ASÍ við Freyjugötu. Allar eiga þær nú að baki langan og frjóan listferil og hafa ekkert slegið af, eða íhugað að setjast í hinn virðulega „helga stein“. Heiti sýningarinnar *Nútímakonur* vísar til þess að mótnarar listakvennanna þriggja voru árin eftir heimsstyrjöldina síðari, þegar íslenskt samfélag hafði tekið grundvallarbreytingum úr hefðbundnu norrænu bændabjóðfélagi í nútímavætt borgarsamfélag. Við blasti ný heimsmynd og ungt fólk hleypti heimdraganum eftir einangrun stríðsáranna og hélt utan til náms og starfa og kannski ekki hvað síst, til leitar að sjálfu sér. Árin eftir stríð urðu því uppgangstímar og alþjóðlegir straumar í bókmenntum, myndlist og fatatísku bárust hratt til landsins og settu sterkan svip á þjóðfélag og menningarlíf. Í þessari

The collection of the LÁ Art Museum includes three works by the artists Björg Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir and Þorbjörg Höskuldsdóttir. They date from the 1970s – that remarkable decade often referred to as the “women’s decade,” when the modern women’s movement, sometimes called the second wave of feminism, blossomed spectacularly on both sides of the Atlantic. This exhibition, *Nútímakonur/Modern Women*, provides an opportunity to explore the visual world of these three women, in past and present. Their paths first crossed when as young and aspiring artists they attended courses at the Reykjavík School of Visual Arts. Each has enjoyed a long and fruitful career in art, and none of them has compromised, nor considered a dignified “retirement.” The title of the show, *Modern Women*, is an allusion to the formative years of the three artists having been the postwar period, when Icelandic society had undergone a transformation from an age-old Nordic agrarian society into a modern urban nation. During World War II Iceland was largely cut off from the outside world, but after the end of the war a whole new world opened up to young Icelanders. They travelled abroad for study and work and, perhaps not least, they went in search of self-realisation. The postwar years were thus a time of ferment: international trends in literature, visual art and fashion rapidly reached Iceland, and made their mark on Icelandic life and culture. Part of that climate was that women gained ever greater freedom: politically, educationally, economically and sexually. The young generation of that time is undoubt-

Þróun öðluðust konur stöðugt aukið frelsi, bæði pólitískt, menntunarlega og fjárhags- og kynferðislega. Kynslóðin sem þá óx úr grasi er vafalítið sú kynslóð Íslendinga sem átti meira val um framtíð sína en fyrri kynslóðir, hvað snerti menntun og möguleika til að láta drauma sína rætast. Faglegur metnaður þótti lengi vel ókvenlegur og listakonur áttu langt fram eftir tuttugustu öldinni erfitt uppdráttar og voru hreint ekki teknar alvarlega. Það var útbreitt viðhorf að „listræn snilld væri dularfullur kraftur sem veittur væri útvöldum karlmönnum og aðeins þyrfti að leysa úr læðingi“.¹ Samkvæmt hefðinni voru það karlarnir sem sköpuðu meistaraverkin en konurnar feguðu heimilin, sem urðu oftast en ekki hlutskipti þeirra listakvenna sem giftust starfsbræðrum sínum. Listakonur sem höfðu tök á að vinna sjálfstætt og völdu að giftast ekki, áttu oft erfitt uppdráttar.

Þær fengu sjaldan opinbera styrki til jafns við karlmenn og bauðst ekki að ganga í samtök listamanna sem gat auðveldað þeim að koma list sinni á framfæri. Síðustu áratugina hefur áhugi beinst að frumherjum meðal kvenna, sem á sínum tíma nutu hvorki þeirrar athygli né virðingar sem þeim bar, en hafa nú verið dregnar fram í dagsljósið eftir langt rannsóknarferli. Þar má nefna hina sænsku Hilmu af Klint (1862-1944) en komið hefur í ljós á síðustu áratugum, að hún var byrjuð að mála abstakt myndverk þegar árið 1907, eða 4-5 árum á undan Wassily Kandinsky, sem var einn af brautryðjendum abstraktlistar.² Fransk-bandaríski kvenmyndhöggvarinn, Louise Bourgeois, (1911-2010) hlaut seint á ferli sínum þá heimsfrægð, sem áður var einungis á valdi karla að öðlast, en þá var hún komin á áttarðisaldur.

edly the generation of Icelanders who had more choice than any before them about their own futures – their education, and their chances of pursuing their dreams. But professional ambition was long regarded as an unladylike attribute; and well into the twentieth century the environment was not receptive to woman artists, who were simply not taken seriously. The opinion was widely held that artistic genius was a “golden nugget” that was bestowed on certain males, and required only to be set free.¹ Traditionally, masterpieces were created by men, while woman’s sphere was to beautify the home; and that tended to become the role of women artists who married their male colleagues. Women artists who were able to work independently, and did not marry, often found it hard to gain acceptance.

They rarely received public grants on equal terms with men, and they were not eligible to join artists’ organisations which provided a platform for promotion of their work. In recent years the pioneering women artists have attracted attention; in their own time they received neither the attention, nor the respect, which they deserved, but they have now been brought out into the light again after extensive research work. Swedish artist Hilma af Klint (1862- 1944) is an example: research in recent decades revealed that she was painting abstract works as early as 1907, four or five years before Wassily Kandinsky, one of the recognised pioneers of abstract art;² and French-American sculptor Louise Bourgeois (1911-2010), had to wait until the end of her career, when she was in her seventies, to gain the recognition that had previously been accorded only to men.

THE INFLUENCE OF NATURE

Human beings have always seen themselves in the context of nature, and man and nature are bound together

NÁTTÚRAN SEM ÁHRIFAVALDUR

Manneskjan hefur á öllum tímum mátað sig við náttúruna og er tengd henni órjúfanlegum böndum. Náttúran umlykur allt og alla og það endurspeglast ekki hvað síst í myndlistinni, hvort sem myndlistarmaðurinn vinnur abstrakt, hugmyndafræðilega eða á annan hátt. Listasagan er mikilvæg heimild um þessi tengsl en það var þó ekki fyrr en í lok 15. aldar suður í Feneyjum sem náttúran smeygði sér inn í málverkið. Fyrst sem baksvið eða eins konar leikmynd, túlkuð á brotakenndan hátt sem hluti fyrir heildina, „pars pro toto“. Feneyjarmálararnir voru rómaðir fyrir ljóðræna túlkun sína á sambandi manns og náttúru, litir þeirra voru djúpir og mettaðir og þeir nýttu sér hina nýju tækni sem komin var fram, olíulitina.

Oft er því haldið á lofti að Íslendingar hafi fyrst gefið fegurð landsins gaum þegar hún birtist þeim í verkum frumherja íslenskrar landslagslistar, upp úr aldamótunum 1900. Listakonurnar þrjár sem hér sýna hafa allar unnið undir áhrifum frá náttúrunni en á mismunandi forsendum þó. Annað sem er þeim sameiginlegt er skörp og athugul þjóðfélagsrýni sem oft beinist að náttúruvernd, sem var mörgum ungum listamönnum hugleikin og var áberandi í listsköpun áttunda áratugarins.

Björg Þorsteinsdóttir hóf myndlistarnám 1960 hér heima, síðan við Listaháskólann í Stuttgart og lagði mesta áherslu á málverkið næstu árin. En eftir námskeið í ætingu hjá Einari Hákonarsyni við MHÍ 1968-1969, einbeitti hún sér að grafík og í framhaldi af því dró hún saman í fyrstu einkasýningu sína í Unuhúsi, árið 1971 þar sem hún sýndi ættingar og akvatintur. Grafíkin náði fljótt mikilli út-

by unbreakable bonds. Nature is all around, and that is reflected not least in visual art – whether the artist's approach is abstract, conceptual, or anything else. Art history is an important source of knowledge of this relationship; yet it was not until the late fifteenth century in Venice, Italy, that nature found its way into paintings. Initially nature served as a background or backdrop, portrayed in a fragmentary manner, pars pro toto (the part for the whole). The Venetian school of artists were renowned for their lyrical portrayals of man's relationship with nature; their colours were deep and saturated, and they used the new technique of oil painting.

It is a familiar trope that Icelanders never noticed the beauty of their own country until it was presented to them in the paintings of the pioneers of Icelandic landscape art in the early years of the 20th century. The three artists whose work is on display here have all worked under the influence of nature – though each in her own way. Another quality they share is a critical and observant eye for society, often relating to nature conservation, which was important to many young artists and had a major place in art in the 1970s.

Björg Þorsteinsdóttir commenced her art studies in 1960 in Iceland, then went to the State Academy of Art in Stuttgart, Germany, where she focussed on painting. But after a course in etching taught by Einar Hákonarson in 1968-9 at the Icelandic College of Arts and Crafts (forerunner of the Icelandic Academy of the Arts), she turned her attention to printmaking. In 1971 she held her first one-woman show at Unuhús in Reykjavík, exhibiting etchings and aquatints. Graphic art rapidly gained popularity in Iceland; it was an ideal medium for disseminating the ideology of the time, and in addition it was democratic in nature, as it enabled people to buy art at an affordable price.

breiðslu og grósku á Íslandi og var ákjósanlegur miðill til að koma áleiðis boðskap áratugarins. Hún var einnig lýðræðislegur miðil sem gerði fólki kleift að eignast myndlist á viðráðanlegu verði.

Jafnframt því að mála vann Björg að grafík sinni í lengri eða styttri skorpum, allt eftir birtu eða aðsteðjandi verk-efnum og sýningum. Hún kannaði eiginleika efnisins og vakti athygli fyrir öguð vinnubrögð og hugmyndaauðgi. Árið 1970 hélt Björg til Parísar og stundaði þar nám hjá Bretanum, S.W. Hayter, í vinnustofu hans, Atelier 17, sem skírskotað hefur verið til sem eins konar tilrauna- stofu í málmgrafík, sem hann stofnaði árið 1927. Hayter þróaði einstaka tækni sem kalla má „einnar plötu tækni“ en áður voru margar plötur notaðar fyrir sama lit- þrykkið. Síðustu stóru grafíkverkin vann Björg um 1987 en sneri sér síðan að málverkinu, eins og margir félagar hennar úr félaginu Íslensk grafík gerðu á þessum tíma. Björg hefur sótt fyrirmyndir sína í nánasta umhverfi og ofur

Alongside her painting, Björg continued to work on printmaking for longer or shorter periods, depending upon her circumstances at the time, commissions, exhibitions, etc. She explored the qualities of the medium,



Björg við verk unnið með blandaðri tækni. (Morgunbl. 11. maí 1975).
Björg in front of work of mixed media.

and attracted attention for her disciplined approach and her fertile imagination. In 1970 Björg went to Paris to study with British printmaker S. W. Hayter in his studio, Atelier 17, founded in 1927. Hayter's atelier has been described as a sort of experimental laboratory for engraving. Hayter developed a new technique of simultaneous printing, using different inks on a single plate, instead of separate plates for each colour. Björg made her last large prints around 1987, after which she concentrated her energies on painting, as did many of her colleagues in the Icelandic Printmakers' Association at that time. Björg has found subjects in her own immediate environment and commonplace objects, including women's garments – dresses, gloves and swim-

suits – to signify the female, first in her prints, and later in her paintings. No doubt many people recall her paintings of colourful dresses fluttering in an indetermi-

hversdagslega hluti og notað m.a. kvenfatnað; kjóla, hanska og sundboli, sem táknmyndir fyrir konuna, fyrst í grafíkinni en síðar í málverkinu. Margir minnast eflaust málverka hennar af litríkum kjólum sem flögruðu um í óræðu rými en mjúkan fatnaðinn gat hún formað og vöðlað honum saman að vild. Stundum var honum komið fyrir inni í ströngum, geómetrískum grindum sem mynduðu mótvægi við mjúk og frjáls formin. Björg vinnur nú að málverki sínu, sem flokka má undir ljóðræna abstraksjón, jöfnum höndum með akrýl- og vatnslitum. Með árunum hefur hún fjarlægst hinn sýnilega veruleika og litir hennar orðið sterkari og bjartari. Hér sýnir Björg verk þar sem náttúran sjálf hefur orðið henni kveikja að myndefni, m.a. vatnið, litbrigði þess og umhverfi. Hreyfanleiki í pensilskriftinni skapar margræða tjáningu á fletinum og höndin leiðir listakonuna áfram að niðurstöðunni til að tjá hughrif og koma þeim í jafnvægi í byggingu og lit. Björg er áhugaljósmyndari og sækist m.a. eftir að taka ljósmyndir af vatni, hafi og speglunum, en hún notar þó ekki ljósmyndina sem fyrirmynd til að mála eftir, þar sem henni finnst að ljósmyndin eigi að vera hún sjálf.

Ragnheiður Jónsdóttir lagði stund á teikninám í Reykjavík og síðar í Kaupmannahöfn og hóf opinberan sýningarferil sinn sem listmálari með einkasýningu í Casa Nova, byggingu Menntaskólans í Reykjavík, árið 1968. En eftir grafíknámskeið í MHÍ hjá Einari Hákonarsyni, söðlaði hún um yfir í grafík og tók þátt í fyrstu sýningu hins nýendurreista félags Íslensk grafík árið 1970. Sama ár hélt Ragnheiður til Parísar, ásamt Björgu Þorsteinsdóttur, þar sem þær unnu að grafík sinni sumarlangt í Atelier 17, hjá meistara Hayter. En hann var einn áhrifamesti grafíklistamaður tuttugustu aldarinnar og

nate space – but she could adapt the soft shapes of the garments as she wished: sometimes they were inserted into strict geometrical frameworks, which counterbalanced the free, rounded forms. Björg now works on her paintings, which may be classified as lyrical abstract, in both acrylic and watercolour. Over the years she has moved away from visible reality, and her colour palette has grown stronger and brighter. Here in this exhibition Björg is showing works in which nature itself has provided her with a subject, e.g. water and the variations of its hues and surroundings. Her fluid brushwork conjures up enigmatic expression on the picture plane, and the artist follows where her hand leads, onward to her conclusion, expressing her impressions and achieving equilibrium in composition and colour. Björg is an amateur photographer, and takes pictures of water, the sea and reflections, but she does not use her photographs as a model for her paintings, as she feels that the photograph should exist on its own terms.

Ragnheiður Jónsdóttir studied drawing in Reykjavík and then in Copenhagen. She formally launched her artistic career with a one-woman show in Casa Nova at Reykjavík High School in 1968. But after a course in graphic art at the Icelandic College of Arts and Crafts, taught by Einar Hákonarson, she switched over to printmaking, and in 1970 she participated in the first exhibition of the newly-revived Icelandic Printmakers' Association. That same year she went to Paris with Björg Þorsteinsdóttir, and they spent the summer working on their graphic art at Atelier 17 with the renowned S.W. Hayter. One of the most influential printmakers of the twentieth century, Hayter strove to promote printmaking around the world, working with all the leading artists of his day, including Wassily Kandinsky, Pablo Picasso and Joan Miró.

By the mid-1970s public opinion had changed and there

vann að útbreiðslu grafíklistar á heimsvísu með öllum fremstu myndlistarmönnum samtímans, þar á meðal Wassily Kandinsky, Pablo Picasso og Joan Miró.

Um miðjan áttunda áratuginn höfðu viðhorf almennings

breyst og skilningur á samtímalist aukist, ekki hvað síst í því að gera konur sem unnu að listrænni sköpun sýnilegri. Fram óx félagsraunsæi sem vísaði í veruleika þessara umbrotatíma og konur fóru að túlka sjálfar sig og stöðu sína út frá eigin forsendum og skapa list sem endurspeglaði líf þeirra. Hinn

títtnefndi „reynsluheimur kvenna“ sem sprottinn var úr sameiginlegri reynslu varð gjaldgengur og sýnilegur sem myndefni, jafn réttthár og hvað annað og bar um leið með sér sameiginlega mannlega merkingu. Kvænnafrídagurinn 24. október, á alþjóðlegu kvænnaári Sameinuðu þjóðanna árið 1975, varð Ragnheiði tilefni til grafíkverka sem eru í huga margra tákmyndir þeirrar samstöðu og

was greater appreciation of modern art. A major difference was that women in the creative arts had become more visible. Social realism emerged, referencing the reality of those turbulent times; women started to interpret themselves and their position on their own terms, and create art that reflected their own lives. The “feminine experi-

ence,” arising from women’s shared experiences, became valid and visible as a theme in art, of as much value as any other theme; and at the same time it entailed a shared human significance. In 1975, the UN’s International Women’s Year, on 24 October the women of Iceland took a historic Day Off and held mass meetings in order to underline

the vital contribution they made in society. The Women’s Day Off inspired Ragnheiður to make prints which to many minds sum up the solidarity and unity of that day. Her one-woman show at the Nordic House in Reykjavík the following year demonstrated that she had something to say to the people of Iceland. In symbolic form, in more than forty etchings, she expressed ideas that many others would have liked to articulate.



Ragnheiður að störfum við fyrstu pressuna sína, 1976.
Ragnheiður at work with her first press.

samkenndar sem einkenndu þennan dag. Á einkasýningu hennar í Norræna húsinu ári síðar varð ljóst að hún átti erindi við þjóðina. En þar sýndi hún á táknrænan hátt, í yfir fjörutíu grafíkætingum, það sem svo margir höfðu viljað segja og stakk á mörgum samfélagsmeinum af innsæi og hugrekki. Ekki hvað síst sinnuleysi og vanvirðingu við náttúruna. Í upphafi tíunda áratugarins hófst nýtt tímabil í list Ragnheiðar, en hún hefur tjáð sig um frelsistilfinninguna sem hún fann fyrir þegar hún lagði grafíkina til hliðar, að mestu, og sneri sér að því að teikna með kolum á pappír. Í óhlutbundnu kolamyndröðunum *Storð* og *Slóð*, sem eru efnislega í rökréttu framhaldi af grafíkinni er viðfangsefnið enn sem fyrr sambýli manns og náttúru. Þar birtist sú sýn öllu óvægnari en fyrr en síðustu teikningarnar í röðinni *Storð* sýna sviðið land, feyskin strá, iðandi ormabæli og að lokum líflaust land.

Þorbjörg Höskuldsdóttir valdi snemma sinn myndheim, náttúru Íslands, sem hún hefur haldið tryggð við og túlkað sleitulaust síðustu fjóra áratugina. Það er ljóst að hún ber sterkar tilfinningar til landsins og tekst að miðla þeim á einkar persónulegan og einlægan hátt. Þótt alheimurinn virðist endalaus er því ekki svo farið með auðlindir náttúrunnar. Eldur, vatn og vindar eru ekki lengur ein um að móta landið heldur einnig maðurinn sem umbreytir náttúrunni eftir geðþótta sínum. Afleiðingarnar eru oftast nær óafturkallanlegar en það er ekki hvað síst samband manns og náttúru sem Þorbjörg ber fyrir brjósti. Fyrsta einkasýning Þorbjargar stóð í Gallerí SUM í Reykjavík árið 1972 og þar birtist löndum hennar fyrst sá fjallageimur sem hún átti eftir að halda tryggð við og endurnýja í tímans rás. Á námsárum sínum í listaháskólanum í Kaupmanna-

Courageously and with insight she targeted various social ills – not least the lack of care and respect for nature. The start of the 1990s heralded a new period in Ragnheiður's art: she has spoken of the sense of liberation she experienced when she largely abandoned printmaking and turned to drawing with charcoal on paper. In her series of abstract charcoal drawings *Storð* and *Slóð/Trail*, the content of which is a logical continuation of her printmaking, her theme is once again man's relationship with nature. That vision is now presented in more uncompromising terms: the last drawings in the series *Storð* depict scorched earth, withered grass, convocation of wriggling worms, and finally a dead landscape.

Þorbjörg Höskuldsdóttir chose her visual world early in her career – Icelandic nature. And she has remained true to it, interpreting it unceasingly for the past four decades. It is clear that she has strong feelings about her country, which she succeeds in expressing in a highly personal and sincere manner. The universe may appear to be infinite, but the same cannot be said of natural resources. Fire, water and wind are no longer alone in shaping the land: man too transforms nature according to his whimsies and caprices. The impact is, as a rule, irreversible; and man's relationship with nature is one of Þorbjörg's overriding themes. In her first one-woman show at Gallery SUM in Reykjavík in 1972 she first presented the mountain world with which she has kept faith and renewed over the years. During her student years at the Royal Danish Academy of Fine Arts she focussed especially on perspective drawing, and was for a time the only student at the academy in that field.

Þorbjörg has made use of this expertise, as in many of her works perspective drawing constitutes a matrix, or

höfn lagði hún sérstaklega fyrir sig fjarvíddar-teikningu og var um tíma eini nemandinn í þeirri grein innan skólans.

Þorbjörg hefur nýtt sér þessa sérþekkingu sína, því í mörgum verka hennar myndar fjarvíddarteikning eins konar burðargrind eða kemur inn sem mótvægi við lífræn form náttúrunnar. Oft má sjá minni frá klassíska tímanum í formi rómverskra boga, súlna, flísagólfa eða öðrum brotum af arkitektúr sem kalla fram óvænt hugmyndatengsl við að sjá gamlan heim tengjast ungrri menningu og kunnuglegu landslagi. Án þess að segja of mikið eða prédika bregður listakonan oft upp nóturlegri framtíðarsýn, þar sem áhorfandinn skynjar undirliggjandi ógn en samt er lúmsk kaldhæðnin aldrei langt undan.

Þorbjörg leitar gjarnan uppi formsterk og gróðursnaud fjöll, á hálendinu eða Reykjanesskaganum. Hún velur af kostgæfni sjónarhornið og rýnir í form, liti, og áferð, dregur

counterbalances organic natural forms. Motifs from classical times are often seen, such as Roman arches, columns, tiled floors or other architectural features which evoke unexpected resonances, arising from the

juxtaposition of the ancient world with a young culture and a familiar landscape. Without saying too much or proselytizing, the artist often evokes a bleak vision of the future in which the observer senses an underlying menace – while a subtle ironic undertone is ever-present.

Þorbjörg often seeks out barren mountains with strong contours, in the uninhabited interior of Iceland or on the Reykjanes headland in the southwest. She painstakingly selects a point of view and considers forms, colours and textures, then opens her sketchbook to put on paper the potent impressions aroused by both weather and winds. But above all she takes a lot of photographs, in order to capture the shifting light or a veil of mist drifting by.

The best time of year is the autumn when the air is pellucid and the low sun casts elongated shadows; she does not like to paint in bright sunshine, when she finds



Þorbjörg við eitt verka sinna, 1972.
Þorbjörg by one of her works.

fram teikniblokk og rissar upp á blað þau mögnuðu áhrif sem fylgja bæði veðri og vindum. En umfram allt tekur hún fjölda ljósmynda til að fanga hvika birtuna eða þokuslæðing sem líður hjá. Besti tíminn er á haustin þegar loftið er tært og skuggarnir langir en henni hugnast þó ekki að mála í sterku sólskini, þar sem litirnir verða daufari. Litaspjaldið eru jarðlitirnir og blæbrigði blárra lita en græni liturinn lýsir með fjarveru sinni. Við þekkjum fjöllin um leið og við sjáum þau í málverkum Þorbjargar en stundum er það titillinn sem vísar veginn. En eftir það verða þau í huga okkar allt önnur og við sjáum þau með hennar augum sem einstök, dulmögnuð og yfirnáttúrleg fyrirbæri.


1 Linda Nochlin: Why Have There Been No Great Women Artists? (Sic) Art News, 1971

2 Abstraktið, hið óhlutbundna málverk, varð til nánast samtímis á mismunandi stöðum skömmu fyrir fyrra stríð: hjá Wassily Kandinsky í München, Piet Mondrian í París og Kasimir Malevitsj í Moskvu.

the colours more muted. Her colour palette is composed of earthy tones and hues of blue, while green is strikingly absent. We recognise the mountains as soon as we see them in Þorbjörg's paintings – but sometimes it is the title which puts us on the right track. After that moment of recognition, however, they become something entirely different in our minds, as we see them through the artist's eyes as unique, mystical, supernatural phenomena.

1 Linda Nochlin: Why Have There Been No Great Women Artists? (Sic) Art News, 1971.

2 Abstract art appeared almost simultaneously in a number of places shortly before World War I: in the work of Wassily Kandinsky in Munich, Piet Mondrian in Paris, and Kazimir Malevich in Moscow.





Björg Porsteinsdóttir
Virki við bláa móðu / Fort at the Blue Stream, 1978.
Olía á striga / Oil on canvas, 30 x 31 cm.
Í eigu Listasafns Árnesinga / Collection of LA Art Museum.

Björg Porsteinsdóttir
Appelsínugult stef / Orange Theme, 2013.
Akríl á striga / Acryl on canvas, 160 x 130 cm.
Í eigu listamannsins / Owned by the artist.



Björg Þorsteinsdóttir
Blátt/rautt stef / Blue/Red Theme, 2013.
Akríl á striga / Acryl on canvas, 160 x 130 cm.
Í eigu listamannsins / Owned by the artist.





Björg Þorsteinsdóttir


Glætur / Faint Light, 2010-2011.

Akríl á striga / Acryl on canvas, 97 x 130 cm.

Í eigu listamannsins / Owned by the artist.



Björg Þorsteinssdóttir
Vatnarím / Water Rhyme, 2011.
Akríl á striga / Acryl on canvas, 100 x 130 cm.
Í eigu listamannsins / Owned by the artist.




Ragnheiður Jónsdóttir

„2005“ úr blómaseríunni / “2005” from the flower serie, 1975.

Grafík, æting / Etching, 64 x 50 cm.

Í eigu Listasafns Árnesinga / Collection of LA Art Museum.




Ragnheiður Jónsdóttir
24. október / October 24th, 1976.
Grafík, æting / Etching, 74 x 85 cm.

Ragnheiður Jónsdóttir
Storð I, 2006.

Kolateikning / Charcoal drawing, 150 x 150 cm.

Í einkaeigu / Private collection.






Ragnheiður Jónsdóttir

Slóð 3 / Trail 3, 2007.

Kolateikning / Charcoal drawing, 150 x 150 cm.

Í eigu listamannsins / Owned by the artist.



Ragnheiður Jónsdóttir

Slóð 4 / Trail 4, 2007.

Kolateikning / Charcoal drawing, 150 x 150 cm.

Í eigu listamannsins / Owned by the artist.



Þorbjörg Höskuldsdóttir
Flísaval / Choice of Tiles, 1978.
Olía á striga / Oil on canvas, 40 x 40 cm.
Í eigu Listasafns Árnesinga / Collection of LA Art Museum.

Þorbjörg Höskuldsdóttir
Rýkur rauðamöl / Red Lava Blowing, 2004.
Olía á striga / Oil on canvas, 90 x 90 cm.
Í eigu / Collection of Hafnarborg.



Þorbjörg Höskuldsdóttir
Hvítserkur / Mt. Hvítserkur, 1996.
Olía á striga / Oil on canvas, 160 x 200 cm.
Í einkaeigu / Private collection.





Þorbjörg Höskuldsdóttir
Snæfellsjökull / Glacier Snæfellsjökull, 2011.
Akríl á striga / Acryl on canvas, 100 x 110 cm.
Í eigu listamannsins / Owned by the artist.



Þorbjörg Höskuldsdóttir
Keilir / Mt. Keilir, 2006.
Akríl á striga / Acryl on canvas, 140 x 150 cm.
Í einkaeigu / Private collection.

Björg Þorsteinsdóttir

Björg er fædd 1940. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1960 og teiknikennaraprófi frá Handíða- og myndlistaskóla Íslands árið 1964. Hún stundaði einnig nám í grafík við sama skóla, sótti tíma í teikningu og málun við Myndlistaskólann í Reykjavík í þrjú ár og var við nám við Staatliche Akademie der bildenden Künste í Stuttgart um skeið. Á árunum 1971-1973 var Björg styrkþegi frönsku ríkisstjórnarinnar og lagði stund á málmgrafík við Atelier 17 hjá S.W. Hayter og steinþrykk við École Nationale Supérieure des Beaux Arts í París.

Í upphafi myndlistarferils síns málaði Björg einkum olíumálverk en á fyrstu einkasýningunni, 1971 sýndi hún þó eingöngu ætingar. Næstu ár á eftir fékkst Björg aðallega við grafík en í seinni tíð hefur hún lagt mesta rækt við málun. Á ferli sínum hefur hún málað, teiknað, unnið í grafík og gert collage-verk. Hún hefur haldið yfir 30 einkasýningar og tekið þátt í fjölda alþjóðlegra samsýninga í flestum löndum Evrópu, nokkrum löndum Asíu og Afríku, í Bandaríkjunum og Ástralíu. Verk Bjargar er að finna í fjölmörgum opinberum söfnum og einkasöfnum hér heima og erlendis, m.a. í Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Bibliothèque Nationale, París, Museet for Internasjonal Samtidsgrafikk, Fredriksstad í Noregi, Museo Nacional de Grabado Contemporaneo, Madrid á Spáni og víðar. Hún hefur hlotið alþjóðlegar viðurkenningar og fengið starfslaun úr Launasjóði myndlistarmanna.

Björg hefur verið stundakennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Myndlistaskólann í Reykjavík og var forstöðumaður Safns Ásgríms Jónssonar, 1980-1984. Hún hefur starfað að félagsmálum myndlistarmanna og sat í fulltrúaráði Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Björg Þorsteinsdóttir

Björg was born in Reykjavik in 1940. She graduated from Reykjavik High School in 1960, and in 1964 she qualified as a teacher of drawing from the Icelandic College of Arts and Crafts (forerunner of the Iceland Academy of the Arts). She also studied graphic art at the College, attended lessons in drawing and painting at the Reykjavik School of Visual Arts, and studied for a time at Staatliche Akademie der Bildenden Künste in Stuttgart. In 1971-3 Björg received a French government scholarship, and studied engraving with S.W. Hayter at Atelier 17, and lithography at the École Nationale Supérieure des Beaux Arts in París.

At the start of her career Björg mainly worked in oils, but at her first one-woman show in 1971 she exhibited only etchings. For some years she worked mainly on printmaking, but recently she has focussed on painting. During her career she has painted, drawn and made prints and collages. She has held over 30 one-woman shows, and participated in a large number of international exhibitions in most countries in Europe, as well as in Asia, Africa, the USA and Australia. Examples of her work are in many public and private collections in Iceland and abroad, including the National Gallery of Iceland, the Reykjavik Art Museum, the Bibliothèque Nationale in París, Museet for Internasjonal Samtidsgrafikk in Fredriksstad, Norway, the Museo Nacional de Grabado Contemporaneo in Madrid, Spain, and others. Björg has received prestigious awards, and has been granted bursaries from the government Artists' Bursary Fund.

Björg has been an associate tutor at the Icelandic College of Arts and Crafts and the Reykjavik School of Visual Arts, and was director of the Ásgrímur Jónsson Museum 1980-84. She has been active in artists' organisations, and served on the board of the Sigurjón Ólafsson Museum.

Ragnheiður Jónsdóttir

Ragnheiður er fædd 1933. Myndlistaráhuginn vaknaði snemma en ferill hennar er líka samofinn hlutverki hennar sem móðir fimm sona sem fæddir eru á árunum 1954-68. Ragnheiður varð stúdent frá Verslunarskóla Íslands 1954. Hún sótti námskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur á árunum 1959-61 og 1964-68 og meðal kennara voru Erro og Ragnar Kjartansson, sem í kjölfarið bauð henni vinnu í Glit. Árið 1962 sótti hún einnig teiknitíma í Glyptótekinu í Kaupmannahöfn. Hún nam síðan við Myndlista- og handiðaskóla Íslands, grafík hjá Einari Hákonarsyni 1968-70. Ragnheiður dvaldi í París 1970 þar sem hún nam grafík m.a. við Atelier 17 hjá S.W. Hayter.

Árið 1966 var verk eftir Ragnheiði valið á haustsýningu FÍM og 1968 opnaði hún sína fyrstu einkasýningu á málverkum. Eftir það snéri hún sér alfarið að grafík, ætingum, og kom sér upp vinnustofu með eigin pressu. Um 1990 tók við ný áskorun þegar hún fór að teikna stóru kolamyndirnar. Hún á að baki tugi einka- og samsýninga víða um heim sem og hér á landi. Verk hennar er að finna í fjölmörgum opinberum söfnum og einkasöfnum hér heima og erlendis, m.a. í Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Bibliothèque Nationale í París, Museum of Modern Art í Helsinki. Henni hafa hlotnast alþjóðlegar viðurkenningar og hún hefur notið starfslauna úr launasjóði íslenskra myndlistarmanna.

Ragnheiður átti þátt í því að endurreisa félagið Íslensk grafík 1969 og sat þar í stjórn og sömuleiðis í stjórn Félags íslenskra myndlistarmanna, FÍM um tíma. Hún tók einnig þátt í rekstri Gallerís Grjóts ásamt fleiri listamönnum á árunum 1983 – 1989.

Ragnheiður Jónsdóttir

Ragnheiður was born in 1933. She was drawn to art from a young age; and her artistic career is also bound up with her role as the mother of five sons, born 1954-68. Ragnheiður graduated with her high-school diploma from the Commercial College of Iceland in 1954. She attended courses at the Reykjavík School of Visual Arts 1959-61 and 1964-8. Her teachers included Erró and Ragnar Kjartansson, and the latter went on to offer her work at the Glit pottery. In 1962 she attended drawing classes at the Glyptotek in Copenhagen. She then entered the Icelandic College of Arts and Crafts (forerunner of the Iceland Academy of the Arts), where she studied graphic art with Einar Hákonarson 1968-70. Ragnheiður was in Paris in 1970, studying printmaking at S.W. Hayter's Atelier 17.

In 1966 one of Ragnheiður's works was selected for the autumn show of FÍM, the Society of Icelandic Artists. In 1968 she held her first one-woman show of paintings, after which she devoted her energies entirely to etching, and established a studio with her own press. Around 1990 she embarked on new challenges when she started making large charcoal drawings. She has exhibited her work at dozens of one-woman and group shows around the world and in Iceland. Examples of her work are in many public and private collections in Iceland and abroad, including the National Gallery of Iceland, the Reykjavík Art Museum, the Bibliothèque Nationale in Paris, and the Museum of Modern Art in Helsinki. She has received international awards, and has been granted bursaries from the government Artists' Bursary Fund.

Ragnheiður took part in the re-establishment of the Icelandic Printmakers' Association in 1969, of which she was a board member. She was also on the board of FÍM for a time. She was one of a group of artists who ran Gallery Grjót 1983-9.

Þorbjörg Höskuldsdóttir

Þorbjörg er fædd árið 1939. Hún stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík 1962-1966 og vann jafnframt við keramikhönnun hjá Glit undir stjórn Ragnars Kjartanssonar og Hringur Jóhannessonar. Árið 1967 hélt hún til Kaupmannahafnar til að nema við Konunglegu listaakademíuna hjá prófessor Hjort Nielsen og útskrifaðist þaðan 1971. Að loknu námi snéri Þorbjörg aftur heim og hefur átt langan og farsælan feril sem myndlistarmaður. Hún hefur fyrst og fremst fengist við olíumálverk en einnig leikmyndagerð, grafík og teikningar fyrir bækur. Viðfangsefni hennar hefur gjarnan verið íslenskt landslag en með því að fella inn í það byggingarlist með klassískri fjarvíddarteikningu leggur hún áherslu á viðkvæmt samband manns og náttúru.

Fyrstu einkasýninguna hélt Þorbjörg í Gallerí SÚM árið 1972 og síðan hafa fylgt fjölmargar einkasýningar og þátttaka í samsýningum, einkum hér á landi en einnig í Danmörku og verk eftir hana er að finna í öllum helstu listasöfnum landsins. Ásamt fleiri listamönnum tók hún þátt í rekstri Gallerí Grjóts sem starfrækt var 1983–1989 á Skólavörðustígnum. Hún hefur einnig starfað að félagsmálum myndlistarmanna og sat m.a. í stjórn FÍM. Þorbjörg hefur hlotið starfslaun úr Launasjóði íslenskra myndlistarmanna og frá árinu 2006 hefur hún verið handhafi heiðursverðlauna frá Alþingi Íslendinga.

Þorbjörg Höskuldsdóttir

Þorbjörg was born in 1939. She studied at the Reykjavik School of Visual Arts 1962-6, when she was also working as a ceramics designer at the Glit pottery under the supervision of Ragnar Kjartansson and Hringur Jóhannesson. In 1967 she went to Copenhagen to study at the Royal Danish Academy of Fine Arts under the tutelage of Professor Hjort Nielsen. After graduation in 1971 Þorbjörg returned to Iceland, and she has had a long and successful career in art. She has worked mostly in oils, but has also designed stage sets, made graphic art and drawn illustrations for books. The Icelandic landscape has been a constant theme; by juxtaposing it with perspective drawings of classical architecture she draws attention to the delicate relationship between man and nature.

Þorbjörg held her first one-woman show at Gallery SÚM in 1972, since when she has held many one-woman shows and participated in group exhibitions, mainly in Iceland but also in Denmark. Examples of her work are in all Iceland's major art collections. She was one of the artists who ran Gallery Grjót on Skólavörðustígur in Reykjavík, 1983-9. She has been active in artists' organisations, and was on the board of FÍM, the Society of Icelandic Artists. Þorbjörg has received bursaries from the government Artists' Bursary Fund, and since 2006 she has been a recipient of an honorary bursary awarded by parliament.

Hrafnhildur Schram - sýningarstjóri

Hrafnhildur Schram lauk licentiatsprófi í listasögu frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Hún hefur starfað sem safnstjóri Listasafns Ásgríms Jónssonar, Listasafns Einars Jónssonar og verið deildarstjóri í Listasafni Íslands.

Hrafnhildur hefur kennt listasögu, ritað listgagnrýni og fjölda greina um íslenska myndlist í blöð og tímarit og unnið heimildarmyndir fyrir sjónvarp um íslenska myndlistarmenn. Hún hefur unnið að rannsóknum á íslenskum myndlistarkonum og er höfundur fyrstu sérbókar um íslenska myndlistarkonu, Nínu Tryggvadóttur. Árið 2005 sendi hún frá sér bókina Huldukonur í íslenskri myndlist sem fjallar um fyrstu konurnar sem sigldu til myndlistarnáms í Kaupmannahöfn. Hrafnhildur starfar nú sem sjálfstæður fræðimaður og rit höfundur auk þess að starfa sem sýningarstjóri. Árið 2008 vann hún sýningu um listmálarann Höskuld Björnsson í Listasafni Árnesinga.

The Curator - Hrafnhildur Schram

Hrafnhildur Schram graduated from Lund University in Sweden with a licentiate degree. She has been curator of the Ásgrímur Jónsson Collection and the Einar Jónsson Museum and a head of department at the National Gallery of Iceland.

Hrafnhildur has taught art history, been an art critic, written extensively on Icelandic art in newspapers and periodicals, and made TV documentaries on Icelandic artists. She has done research on Icelandic women artists, and is the author of the first monograph on an Icelandic woman artist, Nína Tryggvadóttir. In 2005 she published Huldukonur í íslenskri myndlist (Hidden Women of Icelandic Art) about the first Icelandic women who went to Copenhagen for art training. Hrafnhildur is now a freelance scholar, writer and curator. In 2008 she curated a show about the painter Höskuldur Björnsson at Listasafn Árnesinga (LÁ Art Museum).

Þessi sýningarskrá er gefin út í tengslum við sýninguna

This catalogue is published in connection with the exhibition

NÚTÍMAKONUR / MODERN WOMEN

í Listasafni Árnesinga 8. mars – 11. maí 2014.

at LÁ Art Museum, March 8th – May 11th 2014.

Sýningarstjóri / curator: Hrafnhildur Schram

Umsjón og hönnun sýningarskrár / Catalogue production and design:

Inga Jónsdóttir

Umbrot, prentun og bókband / Layout, printing and binding:

Prentmet

Ljósmyndun / Photography:

Guðmundur Ingólfsson

Jonni í Studio 28

Kristján Pétur Gunnarsson

og myndir fengnar með leyfi Morgunblaðsins

Þýðing / Translation:

Anna Yates

Allur réttur áskilinn útgefanda og höfundum.

© Listasafn Árnesinga og höfundar.

All rights reserved by the publisher and authors.

© LÁ Art Museum and authors.

ISBN 978-9935-9029-5-5

Listasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga.

LÁ Art Museum is owned by local municipalities.

Listasafn Árnesinga / LÁ Art Museum

Austurmörk 21

IS-810 Hveragerði

www.listasafnarnesinga.is

Safnstjóri Listasafns Árnesinga

Museum Director:

Inga Jónsdóttir

Stjórn / Board:

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður / chairman

Alda Sigurðardóttir

Sigurlína Kristjánsdóttir



LISTASAFN
ÁRNESINGA